



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 28. september 2017

Niðurstaða athugunar á innheimtuferli við frum- og milliinnheimtu hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á innheimtuferli við frum- og milliinnheimtu hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. í janúar 2017. Markmið athugunarinnar var að skoða hvort innheimta bankanna væri í samræmi við góða innheimtuhætti samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008 og reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl. nr. 37/2009, með síðari breytingum. Athuginin beindist að fyrstu fimm innheimtumálum sem stofnuð voru í byrjun hvers ársfjórðungs, þ.e. í janúar, apríl, júlí og október 2016, hjá hverjum banka fyrir sig. Verkferlar bankanna voru skoðaðir, ásamt gjaldskráum þeirra. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í júlí 2017.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugun þessa taldi eftirlitið að Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. starfi almennt í samræmi við góða innheimtuhætti. Verkferlar voru skýrir og fjárhæðir innheimtukostnaðar í samræmi við reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl. nr. 37/2009, með síðari breytingum.

Hins vegar gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að innheimtukostnaður í milliinnheimtubrési vegna skuldar á veltukorti hjá Íslandsbanka hf. tók í senn mið af fjárhæð gjaldfallinnar kröfu og eldri gjaldfallinnar kröfu sem er í andstöðu við ákvæði um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar sbr. 12. gr. laga nr. 95/2008 og 6. gr. reglugerðar nr. 37/2009. Fjármálaeftirlitið fór fram á að Íslandsbanki hf. gerði viðeigandi úrbætur vegna athugasemdarinnar fyrir 1. október 2017 og sendi Fjármálaeftirlitinu staðfestingu þess efnis.